

Leiðbeiningar með umsóknareyðublaði alþjóðlegrar hönnunar (DM/1) - í númeraröð

For use by the applicant

Your reference:

Tilvísunarnúmer umsækjanda, þarf ekki að fylla út.

This international application contains the following number of continuation sheets:

Fjöldi aukablaðsíðna, að frátaldri umsókninni sjálfri (þ.e. bls. með myndum af hönnun, umboð, hjálögð skjöl og þ.h.).

Viðauki (Annex). Haka skal í reit ef við á.

<http://www.wipo.int/hague/en/forms/>

1. APPLICANT - ekki valkvæður reitur.

Upplýsingar um umsækjanda.

2. ENTITLEMENT TO FILE - ekki valkvæður reitur.

Skilyrði fyrir viðtöku umsóknar um alþjóðlega skráningu hér á landi er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari, íslenskur lögaðili eða einstaklingur búsettur hér á landi eða aðili reki hér á landi virka atvinnustarfsemi.

(a) *Nationality:*

Ríkisfang.

(b) *Domicile:*

Lögheimili.

(c) *Real and effective industrial or commercial establishment:*

Virkt atvinnustarfsemi. T.d. ehf. (private limited company), hf. (corporation, limited company).

(d) *Habitual residence:*

Búseta.

3. APPLICANT'S CONTRACTING PARTY - ekki valkvæður reitur þar sem the 1999 Act á við.

Hér er ritað *Iceland*.

If there are several applicants, check box and use a continuation sheet, giving the above required information for each applicant:

Athuga að haka hér við ef fleiri en einn umsækjandi og viðeigandi upplýsingar gefnar um hvern og einn umsækjanda.

4. ADDRESS FOR CORRESPONDENCE

Ef fleiri en einn umsækjandi, heimilisfang fyrir bréfskipti o.fl.

5. APPOINTMENT OF A REPRESENTATIVE

Ef umboðsmaður er tilnefndur, annars sleppt.

(a) Nafn (b) Heimilisfang (c) Haka skal við í viðeigandi reit.

Ef umboðsmaður er tilnefndur getur hann skrifað undir umsóknina. Mikilvægt er að umboð fylgi, annars skal umsækjandi sjálfur skrifa undir umsóknina.

6. NUMBER OF INDUSTRIAL DESIGN(S), REPRODUCTION(S) AND/OR SPECIMEN(S) -

ekki valkvæður reitur.

(a) Fjöldi hönnunar í umsókn – hámark 100. (b) Fjöldi mynda í umsókn. (c) Fjöldi bls. með myndum, en á einni A4 blaðsíðu mega vera nokkrar myndir. Athugið að greitt er fyrir hverja myndablaðsíðu. (d) Fjöldi líkana ef við á. Ekki er nauðsynlegt að láta líkón fylgja með.

7. DESIGNATED CONTRACTING PARTIES - ekki valkvæður reitur og athugið að ekki er hægt að bæta við eftir á.

Hakað er við þau ríki sem á að tilnefna í umsókninni. Athugið að aðeins er hægt að tilgreina ríki sem eru aðilar að Geneva 1999 Act., sjá töflu aftast í umsókninni um ríki sem eru aðilar að þeim samningi.

Ef Finnland, Gana, Ungverjaland og/eða Ísland eru tilnefnd er mikilvægt að liður 11 sé útfylltur.

Ef Suður-Kórea er tilnefnt er ekki hægt að skrá vernd er varðar flokk 32.

Ef Bandaríkin eru tilnefnd þarf að fylla út reit 11 ásamt því að fylla út og láta fylgja með viðauka I (e. annex I):

http://www.wipo.int/export/sites/www/hague/en/forms/docs/form_dm_1_annex_I-editable1.pdf

8. PRODUCTS WHICH CONSTITUTE THE INDUSTRIAL DESIGN OR IN RELATION TO WHICH IT IS TO BE USED - ekki valkvæður reitur.

Hönnun er flokkuð samkvæmt [Locarno-flokkunarkerfinu](#). Hér skal tilgreina númer þess flokks sem hönnunin tilheyrir. Athugið að samskráningar þurfa að tilheyra sama flokki. Ef þessi liður er ekki fylltur út, sér WIPO um að flokka hönnunina.

No. of the design (in numerical order): Hönnun (samskráningar) í númeraröð. Til dæmis: 1. Bolli; 2. Undirskál; 3. Súpuskál; o.s.frv., eftir fjölda. *Product(s):* Tilgreining hönnunar nr.1., 2., 3. o.s.frv. Athugið að tilgreining er ekki það sama og lýsing (sjá lið 10).

9. DESCRIPTION

Lýsing, má vera að hámarki 100 orð. Greiða þarf fyrir hvert orð umfram 100. Lýsingin skal vera á ensku. Athugið að hvorki skal lýsa tæknilegri virkni né fullyrða um kosti eða gildi hönnunar.

10. DESCRIPTION OF THE REPRODUCTIONS (LEGENDS) - Valkvæður reitur sem á eingöngu við tilnefningu á Japan og/eða Bandaríkjunum.

11. IDENTITY OF THE CREATOR

Upplýsingar um hönnuð. Mikilvægt að þessi liður sé útfylltur ef tilnefna á tilgreind ríki, þ. á m. Ísland. Framsal þarf ekki að fylgja með en sé þörf á er hægt að kalla eftir því.

12. CLAIM - Valkvæður reitur sem á eingöngu við tilnefningu á Bandaríkjunum. Tilgreining hönnunar (einungis ein tilgreining þó um samskráningu sé að ræða).

13. PRIORITY CLAIM

Ef sótt er um alþjóðlega skráningu hönnunar innan 6 mánaða frá umsóknardegi landsbundinnar umsóknar er þessi reitur fylltur út.

The applicant claims the priority of the earlier filing mentioned below:

Í þennan reit er hakað ef forgangsréttar er krafist.

Office of earlier filing:

Nafn stofnunar t.d. Icelandic Patent Office.

No. of earlier filing:

Skráningarnúmer landsbundinnar umsóknar (ef við á).

Date of earlier filing:

Umsóknardagsetning ef hún er til staðar.

No. of the industrial design(s):

Fjöldi hönnunar.

Ef Suður- Kórea er tilnefnd þarf að fylla út og láta fylgja með viðauka V (e. annex V):
http://www.wipo.int/export/sites/www/hague/en/forms/docs/form_dm_1_annex_V-editable1.pdf

14. INTERNATIONAL EXHIBITION

Hafi hönnun verið á sýningu sem viðurkennd er af opinberum aðilum tiltekinna ríkja eins og t.d. heimssýningu, er unnt að krefjast forgangsréttar á þeim grundvelli, er þessi reitur fylltur út.

Með alþjóðlegum sýningum er átt við sýningar samkvæmt samningnum um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928.

15. EXCEPTION TO LACK OF NOVELTY - Valkvæður reitur sem á eingöngu við um tilnefningu á Japan og/eða Suður-Kóreu. Hægt er að fylla út og láta fylgja með viðauka II (e. annex II):

http://www.wipo.int/export/sites/www/hague/en/forms/docs/form_dm_1_annex_II-editable1.pdf

Þessi reitur er notaður ef umsækjandi lýsir yfir að hann njóti undantekningar frá skorti á nýnæmi skv. landslögum Japans og/eða Suður-Kóreu. Umsækjandi skal tilgreinina þá hönnun sem hann heldur fram að falli undir undantekninguna. Fylgigögn má leggja fram með því að nota viðauka II (e. annex II)

http://www.wipo.int/export/sites/www/hague/en/forms/docs/form_dm_1_annex_II-editable1.pdf eða með því að leggja þau beint inn til japönsku einkaleyfastofunnar og/eða Suður-kóresku einkaleyfastofunnar. Ath. að yfirlýsing um að umsækjandi njóti undantekningar frá skorti á nýnæmi getur haft áhrif á réttindi umsækjanda í öðrum löndum. Það er á ábyrgð umsækjanda að kynna sér hvort að réttindi hans haldist þrátt fyrir slíka yfirlýsingu.

16. RELATION WITH A PRINCIPAL DESIGN - Valkvæður reitur sem á eingöngu við um tilnefningu á Japan og/eða Suður-Kóreu.

Þessi reitur er notaður ef um er að ræða tengda hönnun við aðra nú þegar skráða hönnun í Japan og/eða Suður-Kóreu í eigu umsækjanda, eða tengda hönnun við aðra hönnun í alþjóðlegu umsókninni og umsækjandi óskar eftir að hönnunin verði skráð sem slík.

17. PUBLICATION OF THE INTERNATIONAL REGISTRATION

The applicant requests the immediate publication of the international registration:

Ef óskað er birtingar strax, þ.e. ekki er beðið um frestun.

The applicant requests a deferment of publication:

Unnt er að óska eftir frestun á birtingu og þá hakað í þennan reit.

Period of deferment requested (in months, starting from the earliest priority date if priority is claimed):

Athugið að einungis er hægt að óska eftir frestun á birtingu að hámarki 30 mánuði, sbr. þó undantekningar, t.d. séu Danmörk, Noregur og Finnland tilnefnd er ekki hægt að óska eftir frestun birtingar lengur en 6 mánuði.

Vakin er athygli á því að sé Ísland tilnefnt í alþjóðlegri umsókn er ekki hægt að óska eftir frestun.

18. REDUCTION OF UNITED STATES OF AMERICA INDIVIDUAL DESIGNATION FEE -

Þessi reitur á eingöngu við um tilnefningu á Bandaríkjunum.

Þennan reit er hægt að nota til lækkunar á gjaldi varðandi Bandaríkin ef umsækjandi er fyrirtæki sem fellur undir skilgreiningu bandarískra laga (sjá lagatilgreiningu í reitnum) um lítið fyrirtæki (e. small entity) eða örfyrirtæki (e. micro entity). Ef umsækjandi ætlar að nýta sér réttindi til lækkunar gjalds á grundvelli skilgreiningar sem lítið fyrirtæki, þarf að vísa til: http://www.uspto.gov/sites/default/files/aia_implementation/AC54_Small_Entity_Compliance_Guide_Final.pdf.

Ef umsækjandi ætlar að nýta sér réttindi til lækkunar gjalds á grundvelli skilgreiningar sem örfyrirtæki, þarf að leggja fram eftirfarandi form: PTO/SB/15A eða PTO/SB/15B. Formin eru lögð fram með því að nota viðhengi IV (e. annex IV). http://www.wipo.int/export/sites/www/hague/en/forms/docs/form_dm_1_annex_IV-editable1.pdf

19. SIGNATURE BY THE APPLICANT OR HIS REPRESENTATIVE - ekki valkvæður reitur. Undirritun umsækjanda eða umboðsmanns. Athugið að ef umsókn er undirrituð af umboðsmanni þá þarf umboð að fylgja með, sjá lið 5.

PAYMENT OF FEES - ekki valkvæður reitur.

Haka við efsta reit ef óskað hefur verið eftir frestun á birtingu og gjald fyrir birtingu á að greiðast seinna.

Mikilvægt er að fram komi tilvísunarnúmer (*payment identification*) sem notað verður þegar greitt er.